

## AUGLÝSING

### um afnotagjöld Ríkisútvarps.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir fyrri gjalddaga ársins 1981 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit . . . . .	kr. 505,00
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu —	400,00
Hljóðvarpsgjald . . . . .	— 130,00

*Menntamálaráðuneytið, 23. febrúar 1981.*

**Ingvar Gíslason.**

*Runólfur Þórarinsson.*

27. febrúar 1981.

Nr. 124.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 102 30. janúar 1980 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 578 25. nóvember 1980 um breyting á henni.

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 900 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema meiru en 200 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta hálfra þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 200 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarendi undanþága er 600 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 900 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 200 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað, þ. á m. matvæli og aðrar vistir, að því tilskildu að varningur þessi gæti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis.

### 2. gr.

4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollviltunnar hvers ferðamanns samkvæmt 1. mgr. 1. gr. Tollviltun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. svo og ákvæði laga nr. 59 28 maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Björn Hafsteinsson.*

Nr. 125.

16. febrúar.

**REGLUGERÐ**

**varðandi mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði.**

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til hvers konar mælitækja og vogaráhalda, sem búin eru rafeindabúnaði, til að ákvarða eðlisfræðilegar stærðir massa, lengd og rúmmál og notuð eru við starfsemi, sem nota skal löggilt mælitæki og vogaráhöld samkvæmt lögum um mælitæki og vogaráhöld nr. 13 4. júní 1924 og tilskipun um mælitæki og vogaráhöld nr. 1 13. mars 1925.

## 2. gr.

Umsóknir um löggildingu skulu sendast Löggildingarstofunni og með þeim skulu fylgja nauðsynlegar tæknilýsingar á tækjunum. Löggildingarstofan getur krafist þess að lýsingarnar séu lagðar fram á íslensku.

Í umsókn skal gerð grein fyrir eftirfarandi:

- 2.1. Lýsing á tegund tækisins.
- 2.2. Lýsing á framleiðslu og gerð, eða tegund tækis og véla- og rafeindaaðalhlutum tækis.
- 2.3. Lýsing á notkunarsvæði og upplýsingar um mælitækisvið.
- 2.4. Ef óskað er fyrir löggildingu á mismunandi gerðum tækis, skal hverri gerð fylgja stuttorð lýsing á uppbyggingu tækisins, notkun, meðferð og búnaði, eða tengimöguleikum fyrir hann. Lýsing, ásamt kerfismynd og/eða teikningu skal samin þannig að hún geti myndað grundvöll að formi fyrir löggildingu tegundarinnar.
- 2.5. Tillögur um áletranir, skilti og innsigli.  
Með umsókninni skulu fylgja eftirfarandi gögn:
- 2.6. Yfirlitsmynd yfir allt mælikerfið, þar sem gefin eru upp, afmörkun á grunn-tæki.
- 2.7. Smíðalýsing og teikning fyrir vélahluta.
- 2.8. Lýsing og yfirlit fyrir rafeindahluta í formi kerfis og/eða yfirlitsmynda fyrir tækið eða útlit þess og mælitækniupplýsinga, svo og lýsing á öryggis- og eftirlitsbúnaði. Heimilt er þó að óska eftir nánari upplýsingum um uppbyggingu rafeindabúnaðar. Erlendar samþykktir á tegundinni ef slíkar eru fyrir hendi, skulu fylgja umsókn.

## 3. gr.

Löggildingin gildir í 3 ár, nema annars sé sérstaklega getið, en heimilt er Löggildingarstofunni að framkvæma eftirlit og prófanir, hvenær sem henni þykir ástæða til.

Löggildingarstofan getur í sérstökum tilvikum veitt tímabundið leyfi til notkunar tækis, áður en fyrir liggur samþykkt á tegundinni.